

Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. - VATNSVEITA -

(Á gjaldaliði leggst ekki virðisaukaskattur)

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Fljótsdalshéraðs, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja í eigu sveitarfélagsins skal greiða vatnsgjald árlega.

2. gr.

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi fyrir hverja matseiningu og gjaldi fyrir hvern fermetra samkvæmt fasteignamati. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði er undanþegið fastagjaldi. **Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati.**

3. gr.

Af öllum fasteignum, sem eru gjaldskyldar skal greiða vatnsgjald sem nemur **255 kr.** á fermetra skv. fasteignamati og fast gjald **8.966 kr.** á matseiningu. Árlegt vatnsgjald af sumarhúsum/frístundahúsum skal að lágmarki vera **28.090 kr.**

4. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs ákveður fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

5. gr.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Notkunargjald skal innheimt skv. rúmmetramæli sem HEF leggur til og eru gjalddagar 5. hvers mánaðar. Notkunargjald skal vera **33 kr.** pr. rúmmetra og frá Urriðavatnsveitu **25 kr.** pr. rúmmetra.

6. gr.

Mælaleiga skal vera eftirfarandi:

Stærð mælis	Mælaleiga pr. dag
15 mm	39 kr
20 mm	40 kr
25 mm	51 kr
32 mm	58 kr
50 mm	85 kr
80 mm	222 kr
100 mm og stærri	233 kr

7. gr. Heimæðar

Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt frá tengistað HEF við lóðarmörk, að tengistað (inntaksrými) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörs hafi verið tekin út og samþykktur af HEF.

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm
Heimæðargjald - þéttbýli kr.	260.000	372.000	550.000	808.000	1.071.000
Skipulagt þéttbýli Egilsstaða og Fellabæ					
Heimæðargjald - dreifbýli kr.	518.000				

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds, eða gera honum að greiða heimæðina skv. kostnaði, þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

8. gr. Verðlagning

Stjórn HEF tekur ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 3. gr í lok hvers árs, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingavísitölu og breytist samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí). Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

9. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. samkvæmt 10. gr laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 sem tóku gildi 7. maí 2004, staðfestist hér með til að taka gildi 1. janúar 2020 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár vatnsveitu HEF.

Í stjórn HEF, 14. nóvember 2019